



506. fundur stjórnar SASS

haldinn að Austurvegi 56 á Selfossi

föstudaginn 4. mars 2016 kl. 12.00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Anna Björg Níelsdóttir og Páll Marvin Jónsson. Ágúst Sigurðsson og Eggert Valur Guðmundsson boðuðu forföll og í þeirra stað sóttu fundinn Lilja Einarsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir. Sæmundur Helgason tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð. Á fundinn komu einnig Hörður Þórhallsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála (undir dagskrárlíð 2) og Ólafur Gestsson endurskoðandi hjá PwC (undir dagskrárlíð 3).

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 505. fundar undirrituð.

2. Kynning á Stjórnstöð ferðamála

Hörður Þórhallsson, framkvæmdastjóri kynnti starfsemi Stjórnstöðvar ferðamála og svaraði fyrirspurnum.

3. Drög að ársreikningi SASS 2015

Framkvæmdastjóri og endurskoðandi lögðu fram og kynntu drög að ársreikningi SASS fyrir nýliðið ár. Samþykkt að vísa umræðu um ársreikningana til annarra umræðu á næsta fundi stjórnar.

4. Skipan í bakhóp verkefnisins *Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga*

Innanríkisráðuneytið óskaði eftir tilnefningum SASS í bakhóp verkefnisins *Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga*. Af hálfu samtakanna eru tilnefnd Elín Einarsdóttir, varaformaður og Gunnar Þorgeirsson formaður.

5. Samningar við samstarfsaðila

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu nýgerða samstarfssamninga sem gerðir hafa verið þekkingarsetrið í Vestmannaeyjum, Kötlusetrið, Háskólafélag Suðurlands og Markaðsstofu Suðurlands.

6. Drög að samningi tengt verkefninu *Skaftárhreppur til framtíðar*

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu drög að samningi milli Byggðastofnunar, Kirkjubæjarstofu, SASS og Skaftárhrepps tengt verkefninu *Skaftárhreppur til framtíðar*. Samningurinn var samþykktur og var framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn.

Samþykkt var að skipa Guðlaugu Ósk Svansdóttir hjá Háskólafélagi Suðurlands og Eyjólf Sturlaugsson hjá Fræðsluneti Suðurlands til vara sem fulltrúa SASS í verkefnastjórn Skaftárhrepps til framtíðar.

7. **Umsagnarbeiðnir frá Alþingi**
- a. **Tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu áningarstaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi, 150. mál.**
Lagt fram til kynningar.
<http://www.althingi.is/altext/145/s/0150.html>
 - b. **Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 296. mál.**
Lagt fram til kynningar.
<http://www.althingi.is/altext/145/s/0325.html>
 - c. **Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (uppbygging ferðamannastaða), 219. mál.**
Lagt fram til kynningar.
<http://www.althingi.is/altext/145/s/0227.html>
 - d. **Tillaga til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku, 326. mál.**
Lagt fram til kynningar.
<http://www.althingi.is/altext/145/s/0383.html>
 - e. **Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, 458. mál.**
Lagt fram til kynningar.
Stjórn SASS tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram kemur í bréfi til nefndarsvið Alþingis og dagsett er 27. febrúar 2015. Stjórn SASS styður frumvarpið og telur eðlilegt að lögfesta heimild sveitarfélaga til að skilyrða fjárhagsaðstoð.
<http://www.althingi.is/altext/145/s/0732.html>

8. **Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu**

a) **Háskólanám í íþróttافرæðum á Laugarvatni**

Stjórn SASS mótmælir harðlega ákvörðun Háskóla Íslands að færa nám í íþrótt- og heilsufræði frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Með þessari ákvörðun er Háskóli Íslands að bregðast því trausti að vera háskóli allra landsmanna.

Í ljósi stöðunnar telur stjórn SASS mikilvægt að hagaðilar á Suðurlandi í menntamálum ásamt þingmönnum kjördæmisins og rektorum íslenskra háskóla hittist sem fyrst á málþingi til að fjalla um framtíðarmöguleika framhalds- og háskólanáms á Suðurlandi.

b) **Almenningssamgöngur - sumarátætlun**

Tap var á rekstri almenningssamgangna á Suðurlandi á nýliðnu ári sem nam 10 m.kr. en það skýrist af fækkun farþega og lækkun á endurgreiðslu olúgjalds. Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um mögulegar aðgerðir til að koma rekstrinum réttum megin við núllið. Til að ná settu markmiði samþykkti stjórn að gera breytingar á komandi sumarátætlun Strætó sem felast m.a. í að fækka ferðum, taka upp upphringiþjónustu á leið 76 (Árnes – Skeiða- og Þjórárdalsvegur) og leggja af leið 53 (Þorlákshöfn – Reykjavík).



c) Fundargerð Vinnumarkaðsráðs

Lögð fram til kynningar.

d) ART verkefnið

Farið yfir stöðu málsins.

e) Ungmennaráð Suðurlands

Formaður lagði fram minnisblað frá verkefnisstjóra sóknaráætlunar og sagði frá hugmyndum um eflingu ungmennaráða á Suðurlandi. Stjórn leggur til við verkefnisstjórn Sóknaráætlunar að þetta verði eitt af áhersluverkefnum 2016.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 1. apríl nk. að Borg í Grímsnesi kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 15:35

Gunnar Þorgeirsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Anna Björg Níelsdóttir
Páll Marvin Jónsson
Lilja Einarsdóttir
Arna Ír Gunnarsdóttir
Bjarni Guðmundsson